

# Svín Yngsta stig

Gögn:

- Tveir teningar
- Blað og blýantur

Svín er stuttur leikur sem hægt er að nýta til að æfa samlagningu.

Leikmenn kasta tengingum til þess að reyna að fá hátt skor en þurfa að taka áhættu til þess að reyna að vinna.

Markmið leiksins er að vera fyrstur til þess að fá samtals hundrað.

Leikmaður kastar tengingunum og finnur út summu þeirra. Hann getur annað hvort stoppað og skrifað niður þá summu þar eða kastað aftur og lagt nýju summuna við þær tölur sem komu upp á teningunum á undan.

Leikmaðurinn getur kastað tengingunum eins og oft hann vill en þegar hann vill stoppa skrifar hann niður heildarsummuna (og leggur við stigin sín frá síðustu umferð).

En ef leikmaður kastar og kastið inniheldur nákvæmlega einn tening sem er með 1 þarf hann að stoppa og hann fær 0 stig fyrir þá umferð. Ef kastið hans inniheldur tvo teninga með 1 þarf hann að stoppa og núna er stigin hans orðin 0, þ.e. hann byrjar upp á nýtt að telja.

Hægt er að nota mjúka teninga eða teninga app þannig að þessi leikur fari aðeins fram með minni hávaða.

Sjá hér :

<https://www.youtube.com/watch?v=U5rjgerczkU>